

## Námsáætlun fyrir upplýsingatækni - 9. bekkur skólaárið 2023-2024



**Kennari:** Bræðingsteymi

**Tímafjöldi:** Kennt í samþættingu í Bræðing

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Vinnulag og vinnubrögð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.</li> <li>Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.</li> <li>Beitt réttri fingrasetningu.</li> <li>Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.</li> <li>Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.</li> </ul>	Nemendur læra að umgangast búnað með umsjón kennara. Nemendur læra að nýta sér ýmis forrit til að leysa verkefni.	Verkefni Munnleg könnun Hópverkefni
<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.</li> <li>Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.</li> <li>Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning</li> <li>Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.</li> <li>Beitt gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.</li> <li>Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.</li> </ul>	Nemendur læra á Google Classroom til að nýta sér við verkefnavinnu og ritsmíðar. Nemendur læra uppsetningu á heimildarskrám. Nemendur læra skoða heimildir og upplýsingar með gagnrýnu hugarfari.	Verkefni

<b>Tækni og búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.</li> <li>Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.</li> <li>Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.</li> </ul>	Nemendur læra á ýmis forrit til að nýta sér við verkefnavinnu. Myndvinnsluforrit. Nemendur nota open source hugbúnað til að útbúa einfaldar heimasíður.	Verkefni
<b>Sköpun og miðlun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.</li> <li>Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> </ul>	Nemendur nýta ýmis forrit til að leysa verkefni. Nemendur nýta sér code.org og Minecraft til að læra forritun.	Verkefni Munnleg könnun
<b>Siðferði og öryggismál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.</li> <li>Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.</li> </ul>	Nemendur fræðast um ábyrga tölvunotkun, meðferð upplýsinga og friðhelgi einkalífssins.	Munnleg könnun
<b>Námsgögn:</b> Nemendur frá námsgögn frá kennara.			
<b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.			